


Hvernig er að vera barn á Íslandi?







Hvernig er að vera barn á Íslandi?

© Umboðsmaður barna 2009

Höfundar: Umboðsmaður barna og börn á Íslandi.

Teikningar: Börn sem tóku þátt í verkefni umboðsmanns barna veturinn 2008–9

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda. Öll réttindi áskilin.

Hönnun og umbrot: Hunang/Sigrún Sigvaldadóttir

Prentun: Prentmet

ISBN 978-9979-9368-9-3

Hvernig er að vera barn á Íslandi?



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Reykjavík 2009



Ég og litla frænka mín.

Efnisyfirlit

	bls.
Um verkefnið	5
Fjölskyldan og ég	9
Skólinn og frítími	29
Vinátta og vinaleysi	42
Ísland með augum barna	63
Lokaorð umboðsmanns barna	92

Um verkefnið

Hvernig er að vera barn á Íslandi?

Skólaverkefni umboðsmanns barna *Hvernig er að vera barn á Íslandi?* stóð yfir veturinn 2008–2009. Markmið verkefnisins var að heyra raddir barna og gefa þeim tækifæri til að tjá sig með þeim hætti sem þeim hentar best. Verkefnið tók mið af 12. og 13. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en sáttmálinn hefur mikið vægi í öllu starfi umboðsmanns barna.

Megininntak 12. gr. og 13. gr. Barnasáttmálans er:

12. grein *Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif*
Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

13. grein *Tjáningarfrelsi*

Börn eiga rétt á að tjá sig nema það brjóti gegn almennu siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra. Börn eiga rétt á að leita sér upplýsinga, taka við upplýsingum og koma þeim á framfæri.

Með verkefninu vildi umboðsmaður gefa börnum tækifæri til að láta sínar raddir heyrast á fjölbreyttan hátt. Formið var gefið nokkuð frjálst til að koma til móts við þarfir sem flestra. Myndlistarformið var vinsælast enda hentar það öllum aldurshópum. Öllum grunn- og leikskólum landsins var boðin þátttaka í verkefninu. Umboðsmaður barna útvegaði skólunum póstkort í A4-stærð og stór veggspjöld úr pappa sem börnin gátu teiknað, litað, skrifað eða límt á. Yfir eitt þúsund verk grunn- og leikskólanemenda úr 23 skólum bárust umboðsmanni.

Kennarar og nemendur höfðu frjálsar hendur um það hvernig verkefnið var unnið. Þema verkefnis var í flestum tilfellum nærsamfélagið, skólinn, fjölskylda og vinir. Margir kusu að vinna verkefnið í kringum Barnasáttmálann sem vakti oft miklar umræður um réttindi barna.

Einnig höfðu sumir til grundvallar þær spurningar sem umboðsmaður barna lagði til:

- Hvernig eiga góðir foreldrar að vera?
- Hvernig er góð mamma? Hvernig er góður pabbi?
- Hvernig á góður kennari að vera?
- Þegar ég er í skólanum finnst mér best þegar ...
- Þegar ég er í skólanum finnst mér verst þegar ...
- Hvernig er að vera barn á Íslandi?

Afraksturinn var fjölbreytt safn listaverka og skilaboða frá börnunum til hinna fullorðnu. Úr verkunum má lesa ýmislegt um hugmyndaheim þeirra.

Haldin var sýning á vinnu barnanna í tengslum við Dag barnsins á Íslandi, sem er haldinn hátíðlegur síðasta sunnudag í maí ár hvert. Verk barnanna voru sýnd í Gerðubergi sumarið 2009 og á skrifstofu umboðsmanns barna frá Menningarnótt og fram á haust. Ætlunin er að sýningin verði sett upp víðar í framtíðinni.


Þessi bók er gefin út í tilefni af 20 ára afmæli Barnasáttmálans, sem er 20. nóvember 2009. Með útgáfunni vonast umboðsmaður barna til að koma sjónarmiði barnanna enn betur á framfæri. Í bókinni er að finna brot af verkum og hugmyndum íslenskra barna veturinn 2008-2009, veturinn sem er mörgum Íslendingum minnisstæður fyrir efnahagsþrengingar og ólgu í samfélaginu.

Umboðsmaður vill þakka eftirfarandi skólum, nemendum og starfsfólki þeirra kærlega fyrir gott samstarf: Leikskólunum Fálkaborg, Álfaborg og Gullborg, Heilsuleikskólanum Króki, Leikskólanum Regnboga, Leikskólanum Holti, Nóaborg, Sólbrekku, Síðuseli og Hólaborg, grunnskólunum Rimaskóla, Víkurskóla, Austurbæjarskóla, Grunnskólanum í Sandgerði, Stóru-Vogaskóla, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík, Víðistaðaskóla, Snælandsskóla, Seyðisfjarðarskóla, Fella-skóla í Fellabæ, Svalbarðsskóla, Öskjuhlíðarskóla og Fossvogsskóla.



**Mér finnst ótrúlega gaman að lifa og mér finnst gaman
að leika mér við vinkonurnar mínar.**





Fjölskyldan og ég

Fjölskyldur eru jafnfjölbreytilegar og þær eru margar en flestir eru sammála um að fjölskyldan, hvernig sem hún er, móti barnið mest af öllu. Fyrstu tengsl barns eru við fjölskylduna enda er það lífsnauðsynlegt fyrir börn að finna frá fyrstu stundu að þau eru elskuð og að þau eru mikilvæg. Þarna geta margir komið að málum: kynforeldrar, stjúpforeldrar, fósturforeldrar, kjörforeldrar, ömmur og afar, stjúpömmur og -afar, systkini, hálsfystkini, stjúp-systkini, frænkur, frændur og fjölskylduvinir.

Foreldrar og nánasta fjölskylda barns ræður langmestu um það hvernig barnið upplifir sjálft sig og hvernig það sér framtíð sína. Foreldrar sem eru góðar fyrirmyndir, leiðbeina börnum sínum, hvetja þau og styðja geta haft mikil og jákvæð áhrif á sjálfsmynd barnanna. Notaleg samvera með góðum fyrirmyndum hefur mikið forvarnargildi, ekki síst þegar börn komast á unglingsaldur.

Foreldrar bera saman ábyrgð á því að börnum þeirra líði vel og að þau geti þroskast, lært og leikið sér við góðar og öruggar aðstæður. Foreldrar eru mikilvægustu manneskjurnar í lífi hvers barns og þess vegna skiptir svo miklu máli að þeir hugsi vel um börnin sín og fái hjálp til að sinna þeim þegar þess er þörf.

Barn á rétt á að þekkja foreldra sína og umgangast þá báða, nema það sé andstætt hagsmunum þess. Þegar foreldrar búa ekki saman er mjög mikilvægt að þeir geti átt góð samskipti til tryggja velferð barna sinna.

Foreldrum ber skylda til að vernda börn sín gegn hvers kyns andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Þau börn sem geta ekki búið hjá foreldrum sínum eiga rétt á öðru heimili.

Foreldrum ber að hlusta á börn sín og haga málum alltaf þannig að það sé börnunum fyrir bestu. Eftir því sem börn verða eldri og þroskaðri eiga þau að hafa meiri áhrif á sín persónulegu mál.

Umboðsmaður barna vill að öllum börnum líði vel heima hjá sér og með fjölskyldu sinni. Umboðsmaður leggur mikla áherslu á að foreldrar hlusti á börn sín og taki tillit til hugmynda þeirra og óska þegar teknar eru ákvarðanir sem skipta þau máli.

ÉG MEÐ SÁPUKÚLUR





Hvernig er góð mamma?

Hún (strýkur) mér á fótunum þegar mér er illt í þeim og leyfir mér að horfa á sjónvarpið.

Hvernig eiga góðir foreldrar að vera?

Vera góðir við börn, svo börnunum líði vel. Gefa þeim að borða svo þau fái góðan líkama.

Hvernig er góður pabbi?

Leyfir mér að koma með sér í vinnuna og kaupir stundum miða fyrir okkur öll í bíó.

Hvernig er góð mamma?

Líka góð. Hún kaupir dót fyrir litlu börnin sín þegar þau eru búin að fæðast.

Hvernig er góður pabbi?

Líka góður. Hann gerir eins og mamman. Góðir foreldrar eiga að hugsa vel um mann og ekki að leyfa manni að fara of mikið í tölvuna og ekki leyfa manni að horfa of mikið á tölvuskjá.



**Góð mamma
lætur mig ekki
taka til.**

**Mömmur eiga
ekki að vera
eins og Grýla.**





Hvernig eiga góðir foreldrar að vera?

Góðir foreldrar eiga að gefa mikla ást og gefa börnunum sínum góðan og hollan mat.

Hvernig er góð mamma og góður pabbi?

Mömmur eiga að elska börnin sín voða mikið og eiga að hjálpa með lærdóma.


Pabbar hjálpa og vinna fyrir pening svo það er eitthvað að borða.




Góð mamma og pabbi hugsa um börnin sín og þau hjálpa börnunum sínum
og gefa þeim mat og elska þau.

Góðir foreldrar elska fjölskylduna sína meira en nokkuð annað.

Ég vil að mamma og pabbi segi fyrirgefðu hvort við annað.



**Mér finnst að allir
eigi rétt á því að hitta
mömmu og pabba.**



Vinir og fjölskylda er fallegasta í heimi, þó að
kreppan sé í gangi og við missum peninga.
En það er eitt sem við missum aldrei, það er
fjölskyldan og vini. Látum guð blessa okkur
fyrir þetta tvennt!



*Góður bróðir er sá sem leikur
við mig.*



Hvernig er gott foreldri?

Að vera þolinmóður, góður. Tillitsamur sem ber mikla virðingu fyrir manni.

Mér líður vel á Íslandi, mér líður vel að vera barn. Mamma og pabbi eru mjög góð og hugsa mjög vel um mig og ég þau. Þau hjálpa mér mikið. Kennararnir eru líka mjög góð, þau hugsa vel um krakkana og kenna okkur mikið. Ég er búinn að læra heilmikið. Ég á mjög góða fjölskyldu sem allir hugsa vel um hvort annað. Ég er svo glaður að lifa góðu lífi.

Mér líður vel á Íslandi. Mér líður vel heima því að foreldrar mínir elska mig. Kennari er góður þegar hann tekur tillit til krakkana. Foreldrar eru góðir þegar þeir taka tillit til manns og elska mann. - Ég á góða fjölskyldu.



Barn á Íslandi. Það er gott að vera barn á Íslandi. Það sem við höfum er húsaskjól, skóla, hollt og gott vatn, nóg af mat, fjölskyldu, ömmu og afa, fót og bara það er ekki eins mikil fátækt eins og er úti í Afríku eða bara úti í öðrum löndum. En ég er ánægð með foreldra mína og fjölskyldu mína.

Mér finnst gott að vera hér út af því að við getum verið með fjölskyldunum, ömmu og afa, pabba og mömmu og systkinum.

Það er alveg ágætt, mér finnst að það færi eftir því hvort maður á góða foreldra. Líka hvort maður æfi íþróttir og hvort það eru skemmtilegur félagsskapur. En mér finnst það alveg fínt hjá mér. En ég á ekkert alltof skemmtilega foreldra en þau eru alveg sanngjörn og leyfa mér mikið.

*Ég hef bestu foreldra sem eru til og ömmu og abba
og bara öll fjölskyldan.*

Mér finnst gott að vera barn á Íslandi, því að ég á góða fjölskyldu og vini.

Mér finnst gott og gaman að búa hjá fjölskyldunni minni.

Mér finnst gaman hjá pabba og mömmu, þó að þau séu skilin.

Mér finnst að öll börn ættu að eiga fjölskyldu og heimili.

Mér líður vel hjá ömmu og stóra bróður.

Mér líður vel hjá mömmu og pabba.



Mér finnst óþægilegt að pabbi minn reyki, því ég er hrædd um að hann fái krabbamein eða eitthvað álíka. Eða drekki eða meiðir líkamlega eða andlega.

Mamma og pabbi rifust í fyrri og ég er hræddur um að það endurtakist.





Passa að foreldrar elski börnin sín.

Passa að engin í fjölskyldunni finnist að hann sé skilin útundan.



Passa að öll börn eigi legu.

Passa börn svo þau týnist ekki og meiðist.







Hvernig er gott foreldri?

Að vera þolinmóður, góður.

Tillitsamur sem ber mikla virðingu fyrir manni

Þið eigið að fylgjast með að börnunum líði vel með foreldrum sínum eða fósturforeldrum og lendi ekki í einelti og líði illa.

Passa að foreldrar barnanna eru ekki ofbeldissjúkt og vont og leiðinlegt við barnið og gefi barninu mat og umhyggju.

Að passa að börn eigi gott heimili og góða fjölskyldu.

Hæ, það er gott að vera barn á Íslandi út af því að mamma og pabbi eru góð.



Ég er heppin að vera barn á Íslandi og geta átt gæludýr.


Ég á mjög góða fjölskyldu! Við stöndum öll saman í minni fjölskyldu.

Foreldrar eru góðir þegar þeir taka tillit til manns og elska mann.

Ég elska alla í fjölskyldunni minni mjög mikið og við erum mjög hamingjusöm.

Það er gott að vera barn á Íslandi.

Foreldrar eru góðir þegar þeir taka tillit til manns og elska mann.



Það ætti að hugsa vel um börn.

**Að vera barn, ég er góð og hjálpsöm og
mér finnst gaman að leika mér.**

Að öllum börnum líði vel heima hjá sér.





Mömmur ættu að hætta
fyrir í vinnuni svo
börnin þurfi ekki að
biðja ein heima eftir þeim.







Skólinn og frítími

Skólinn er stór þáttur í lífi barna. Í skólanum eiga börn að læra og þroskast í samfélagi við önnur börn og þá sem gæta þeirra og kenna þeim. Markmið menntunar er að undirbúa börn til að vera virkir og ábyrgir þjóðfélagsþegnar.

Í starfi leik-, grunn- og framhaldsskóla á barnið, réttindi þess og velferð að vera í fyrirrúmi. Öll börn eiga rétt á kennslu við sitt hæfi, óháð líkamlegu eða andlegu atgervi. Í skólanum eiga öll börn rétt á að njóta hæfileika sinna og að starfsfólk og önnur börn komi vel fram við þau. Það á að vera vinnufriður í skólanum, náms- umhverfið hvetjandi og skólareglurnar vel kynntar. Börn eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka skal tillit til skoðana þeirra í skólastarfi.

Þó að skólinn sé mikilvægur og taki upp stóran hluta af vökutíma barnanna er mikilvægt að huga að því að börn eiga líka rétt á hvíld og frítíma. Þau mega stunda tómstundaiðju og stofna félög.

Leikurinn er eðlileg tjáning barna, gleðigjafi og besta leiðin til aukins þroska. Í leik afla börn sér þekkingar og fá útrás fyrir tilfinningar sínar. Leikur eflir félagsþroska, sköpun, leikni, traust og vináttu auk þess sem sjálfsmynd barnsins mótast í leik.

Skipulagt íþrótta- og æskulýðsstarf sem og hvers kyns listnám, undir leiðsögn ábyrgra aðila hefur mikið forvarnargildi enda fer þar saman holl hreyfing, sköpun, góðar fyrirmyndir, sjálfsagi og skemmtun.

Umboðsmaður barna vill að öllum börnum líði vel í skólanum og fái frítíma til að njóta hvíldar, leikja og frístundastarfs. Umboðsmaður barna vill að öll börn njóti sín hvert á sinn hátt.





Góðir kennarar eiga að vera glaðir og polinmóðir.

Góður kennari á að vera skemmtilegur en samt ekki of skemmtilegur að við þurfum ekki að læra. Og einmitt þannig eru kennararnir mínir.

Mér finnst gott að leika mér.

Engin heimavinna í grunnskólum (það á að vera nóg að læra á „skólatíma“ en ekki eyða frítíma okkar í það.

Mér finnst grunnskólinn miðast allt of mikið við bóknám.

Mér finnst alveg nóg að það sé skylda að vera í sundi á yngsta stigi og miðstigi. Eftir það er maður nokkuð fær og þarf varla meiri kennslu en það. Nema ef maður fær lægra en 7,0 á sundprófinu í 7. bekk þá eigi maður að halda áfram þar til manni gengur betur.

Þegar ég er í skólanum þá finnst mér best þegar er gott
veður úti og það eru íþróttir og það er lífsleikni, það finnst
mér best.



**Þegar ég er í skólanum þá finnst mér verst
þegar mér er strítt og þegar aðrir eru leiðinlegir.**

Mér finnst mjög asnalegt að fullorðnir menn og konur níðast á
börnum og finnst mér að það þurfi að fara djúpt í þetta mál.



Lífið er fótbolti.

Mér finnst gaman í fótbolta.

Íþróttir eru leiðinlegar, sérstaklega fótbolti.

Mér finnst best að vera stillt í skólanum.

Mér finnst verst þegar kennarar eru reiðir.

Mér finnst gaman að smíða.

Það er gaman að veiða fisk.

Af hverju er lífið dálítið leiðinlegt í skóla?

HREKKJU SVÍNIN.

Okkur finnst skemmtilegt þegar snjóar.

Þá er margt hægt að gera. Fara í fótbolta eða snjóbolta, búa til snjókarl. Það er líka skemmtilegt að teikna, lita og mála vetrarmyndir.



**Mér þykir gaman á Íslandi af því
að það er gaman að leika úti.**






Hæ hæ, ég vil að krakkar yngri en 14 ára ættu ekki að vera í tölvuleikjum
bannaða innan 18/16 (ára) og alls ekki vera of lengi í tölvunni.



Að eiga PS3 tölvu :-P



Þegar ég er í leikskólanum finnst mér verst þegar ...

Ég þarf að vera góður. Það er stundum erfitt og þá þarf ég að fela mig.

Mér líður illa í skólanum út af því að næstum allir eru leiðinlegir við mig. En samt er ég leiðinlegur við suma.

Hvernig á góður kennari að vera?

Á að vera glaður og lesa fyrir börnin.

Þegar ég er í skólanum finnst mér allt best en mér finnst verst þegar mér er strítt.

Kennari er góður þegar hann tekur tillit til krakkana.

Hann passar mann að enginn meiðir sig eða sleppi út úr leikskólanum. Kennarinn knúsar mann.

Kennarar eiga að bera virðingu fyrir börnunum í skólanum. Mér líður vel að vera í Seyðisfjarðarskóla. Þar eru allir kennararnir góðir. Og allir kennarar eiga að vera þolinmóðir.

*Við viljum fá frítt í stæti á öllum aldri.
Þú krakkar í grunnskóla nota mikið
stæti til að komast á milli stada.
Þú elki eiga þau rétt á bilprófi stæti.

*Við viljum frían mat í skólanum svo
allir geti fengið mat alveg óháð ástandi
heima fyrir.

*Við viljum styttra skólaár þú
þegar það er svo langt þá eru
svo miklar líkur á að krakkar gefist
upp áður en skólinn er búinn.

*Við viljum fría heilsu- og tannvernd
svo allir geti farið til læknis og tann-
læknis eins oft og þörf er á elki
eins oft og foreldrar hafa efni á.







Í skólanum finnst mér best þegar það er föstudagur, þá er skólinn stystur.

Í skólanum finnst mér verst þegar öllum er sama um mig.

Í skólanum finnst mér best þegar ég er að leika mér.

Í skólanum finnst mér verst þegar einhver er að stríða mér eða eru að beita ofbeldi.





Mér finnst að þegar maður er kominn í framhaldsskóla þá eigi maður að fá kort í ræktina og maður eigi að hafa farið í ákveðið mörg skipti fyrir skólalok annars hafi maður fallið. Þannig er það í MK og mér finnst það sniðugara en íþróttir í skólanum.

Við viljum hafa salatbar í menntaskólum þar sem krakkar geta keypt sér box og valið sjálf í (salat+pasta og fleira) og lækka skólagjöldin í Versló!

Mæta klukkutíma seinna í skólann á morgnanna, þ.e. klukkan 9:10 eða 9:30.

Kennslustundir ættu ekki að byrja fyrr en klukkan 8:50

Skólarútur fyrir þá sem búa langt frá skólanum.

Íþróttafólk fær að sleppa íþróttum í skóla.

Af hverju er svona dýrt að fara í menntaskóla? Bækurnar kosta offjár og skólaárið líka. Þeir sem hafa ekki efni á því neyðast til að fara beint að vinna eftir grunnskóla.




Lengja sumarfríð, það fara alltaf 2 vikur á haustin og 2 vikur á vorin í einhverja leikjadaga sem væri alveg hægt að sleppa og lengja sumarfríð.



Ég á marga vini og
allir vinir mínir eru góðir.





Vinátta og vinaleysi

Vinátta er börnum mikilvæg frá unga aldri og vinátta gerir lífið auðugra og skemmtilegra. Í samskiptum við vini sína þjálfa börn meðal annars með sér hæfileika til að setja sig í spor annarra, samskiptahæfni, þolinmæði og trygglyndi. Þau læra líka að hlutirnir fara ekki alltaf eins og maður ætlar sér og vináttusambönd geta verið flókin, til dæmis þegar kemur að sáttum eftir misklíð eða misskilning. Eftir því sem börn verða eldri fara vinir að skipta þau meira máli. Þá geta vinir aðstoðað við að komast að því hver maður er og hvað maður vill.

Vinaleysi getur haft mikil og neikvæð áhrif á börn og sjálfsmynd þeirra. Einmanaleiki og vanlíðan á ekki að þurfa að vera varanlegt hlutskipti neins. Með þrautseigju og góðri hjálp eiga allir að geta fundið sér félagskap við hæfi. Einelti er ofbeldi sem getur átt sér stað alls staðar í samfélaginu. Barni sem lagt er í einelti líður illa og það verður öryggislaust, einmana og tortryggið. Börn eiga rétt á vernd gegn einelti eins og öðru ofbeldi. Einelti ætti ekki að vera einkamál þeirra sem lenda í því og allir geta hjálpað til við að uppræta það. Þó að börn eigi rétt á að tjá sig fylgir því frelsi sú ábyrgð að gera hvorki né segja eitthvað sem ætlað er að særa aðra manneskju. Börn eiga rétt á friðhelgi einkalífs eins og annað fólk.

Umboðsmaður barna vill að öll börn kynnist sannri vináttu og að einelti fái hvergi að þrífast. Umboðsmaður vill að hinir fullorðnu séu vakandi yfir líðan barna og hjálpi þeim sem illa gengur félagslega.





Nennið þið að passa
að engu barni líður illa?

Að passa að engin verði útundan.



Ég á vini og bý í sveit.





Þegar ég er í leikskólanum finnst mér verst þegar...

Ég er aleinn. Þegar ég fæ ekki að vera með.

Öll börn eiga rétt á öryggi, góðri heilsu og stuðningi.

Öryggi, allir krakkar skulu búa við öruggt og heilsusamlegt umhverfi
sem eyðileggur ekki mynd þeirra af veruleikanum.

Það skiptir ekki máli hvernig við erum á litin!





Að barnið eigi góða vini.
 Að foreldrar þeirra séu góð við þau.
 Að öll börn eigi að hafa traust.
 Að öll börn geti gengið í skóla.
 Að öllum börnum líði vel.



Ad ega vini og fjálskyldu
er besta gjöf í heimi.

Það er skemmtilegt
að vera barn á
Íslandi



Ég er ég

Mér líður alstæðar

Mér líður vel í skólanum

Mér líður vel með vini mínum

Mér líður illa þegar aðrir stríða mér

Mér líður illa þegar ég er skilin útundan

Mér líður illa þegar það er sparka í mig

Mér líður stundum vel og stundum illa



ILLA




VEL





Mér líður svo illa að ég þarf að fara til læknis.





Þegar ég er í skólanum
líður mér vel þegar
ég er með vinum mínum.

Lidur mér illa þegar mér
er strött og þegar ég er
ein.

Svona lifumér
Kreppu!





Öll börn eiga rétt á öryggi og góðri heilsu og líða vel.







**Geta stoppað öll einelti
svo það verði ekki meira vandamál.**

sua na á skólinum á veta



Eftu vilt að lífið sé
betra - Hjálpaðu
þessum.

kláraðu
myndina - Hann á
að vera glöður.



Alur eiga að vera
vinur. Ég vil vera
góður vinur.



Takke fyrir lífið.




Að öll börn hafi ekki minnimáttarkennd og vilji ekki að vinir manns komi heim til manns.


Passa að börn spili ekki bannaða tölvuleiki eða horfi ekki á bannaðar myndir.



Passa að ekki sé verið að stríða eða vera leiðinlegur við krakkana.








Mér líður vel á Íslandi, því að ég á marga vini.

Ég vil að þú vakir yfir einelti og rugluðu fólki.



Passa einelti.



● = 'Eg á heima hér!



Ísland með augum barna

Íslendingar hafa lengi haft sterka þjóðerniskennd sem hefur meðal annars mótast af legu landsins, náttúru þess og sögu. Íslendingar eru yfirleitt stoltir af landi sínu, þjóð og stjórnkerfi þrátt fyrir að það skiptist á skin og skúrir í landsmálum. Þegar erfiðleikar dynja yfir verða börnin vör við þá þótt það sé ekki alltaf ætlunin. Þau velta hlutunum að sjálfsögðu fyrir sér og búa til sína eigin mynd af ástandinu eins og það birtist þeim. Þó að mörg þeirra hafi stundum áhyggjur af framtíðinni virðast þau upp til hópa vera bjartsýn og ánægð með að búa á Íslandi.

Börn búa yfir mikilli getu og eru allt frá leikskólaaldri fær um að móta sér skoðanir á málefnum sem þau varða. Á það einnig við um ýmis málefni sem hinir fullorðnu telja oft að börn skilji ekki og hafi ekki áhuga á. Því er mikilvægt að veita börnum frá unga aldri tækifæri til að tjá sig og finna að það er tekið mark á þeim. Nemendafélög, skólaráð og ungmennaráð í sveitarfélögum eru þær formlegu leiðir sem börn og unglingar hafa til að hafa áhrif á þau málefni sem varða þau mest.

Umboðsmaður barna vill að raddir barna hafi hljómgrunn og að virðing sé borin fyrir sjónarmiðum þeirra og hæfni til að taka ákvarðanir. Umboðsmaður barna vill að þær formlegu leiðir sem eru þegar til staðar verði nýttar til að ná fram hugmyndum barna og að börn hafi raunveruleg áhrif. Umboðsmaður barna vill að alltaf sé tekið tillit til skoðana barna áður en teknar eru ákvarðanir sem varða persónulega hagi þeirra.


Það sem er gott við landið okkar.

Það er gott að það er ekki stríð hér á landi. Börn eru ekki út á götu eins og í flestum löndum og þau fá ekki umhyggju eins og við. Við fáum mat og erum í góðum fötum. Við erum með barnanefnd sem vernda okkur og auðvitað líka foreldrar.

Það er gott að vera barn á Íslandi sérstaklega ef maður hugsar til fátækra barna í Afríku. Við erum ekki með her og það er engin hætt á að það komi sprengjur fljúgandi.

Á Íslandi er gott að búa. Við erum ekki mjög fátæk og það er ekki stríð. Það er nóg matur hérna. Flestir eiga foreldra og góð föt og verslunarmiðstöðvar. Það eru góðir skólar einnig einkaskólar og fleira sem er þörf á. Flestir sem ég þekki lifa góðu lífi og náfólk mitt er ekki fátækt og ég reyni bara að lifa góðu lífi eins og það er. Það er sniðugt að banna krökkum að vinna undir 13 ára. Já og ég gleymdi að segja að flestir sem ég þekki búa líka í húsi. He he!

Mér finnst gaman á þorrablóti.



hverni g
erað vera
barn á Íslandi.

mér finnst gott
að búa á
Íslandi þetta er
yndislegt land
ég mundi aðrey
firta frá
Íslandi



Ísak Ármann



Á Íslandi er mjög að búa af því að þar er aldrei stríð og margir, mjög margir geta gengið í góðan skóla og gengið í almennilegum fótum. Svo er líka gott að eiga góða foreldra og góð systkini.

Hvernig er að vera barn á Íslandi? Það er bara fínt, allavega fjárhagur og vatn. Samt stundum eru krakkar þínu ofdekraðir eða foreldrar ofvernda þá. Þannig að niðurstaða mín er: Að oftast er bara fínt.

Að vera barn á Íslandi er fínt. Við höfum það gott, ekkert vandamál með borgina. Ég æfi til dæmis fótbolta. Ég er ekki rekinn út og ég vinn ekki mikið en ég hef samt mínar skyldur.

Mér finnst gaman að vera til



Það er ágætt að eiga heima á Íslandi. Lögin eru sanngjörn oftast stundum eru þó mjög pirrandi en það er sanngjarnt, við erum heppnari en mjög mörg lönd sem eru í verri stöðu.

Mér finnst gott að vera barn á Íslandi. Mér finnst Ísland mjög heppið af því að það er t.d. ekki stríð, flest börn eiga foreldra, við fáum föt, nóg af mat og umhyggju.

Ég væri miklu frekar til í að vera barn á Íslandi en í Nígíeríu eða Afríku.

Mér finnst stundum gótt að vera barn á Íslandi; en oft erfiðt
Mér finnst eins og að kennarar ættu að vera góðir, hjálpsamir og
á huga samir.



Fritt í strætó fyrir krakka á grunnskólaaldri.

Ég vil fá fritt í strætó!

Mér finnst tómstundir vera allt of dýrar.

Stækka hjólreiðastíga, sekta við glerbrotum, sekta við lausum hundum, fjölga köttum og gera fleiri hjólreiðastíga.

Fríar tannlækningar fyrir 18 ára og yngri.

Við megum ekki gleyma þrið að þitt að það sé
kreppa þá megum við eiga það að við eigum m.a.
spítala, skólabyggingar o.fl., þitt venið sé að skerta marga.

En það er ekkert, líklegt sem má ekki skerta:

1. Má ekki minnka fjárfög af bágstaddir þrið þetta er
einmitt tímum sem þú þurfa á okkur að halda.
2. Má ekki minnka kynningar á menntaskólum, fyrr
þá sem enn að fjúka grunnskólum.



Við viljum að
námið sé ekki
einungis miðað
að þörfum
þeirra sem eiga
erfiðara með
nám!

Það er gaman að búa
á Íslandi ég er alltaf
á Hæsbaki og það er gaman
að Hugsa um kindurnar
og mamma og pabbi eru
best og kennarinn minn,

líka það er ætíð slekt
að vera til.





Mér finnst gott að vera barn á Íslandi.
 Mér lítur mjög vel á Íslandi.
 Mér lítur vel heima hjá mér vegna þess að
 ég á foreldra sem þykja vænt um mig.
 Svo á ég líka mjög skemmtileg systkini.
 Gætur kannari á að vera skemmtilegur en samt
 ekki of skemmtilegur að við
 þurfum ekki að læra.
 Og einmitt þannig eru
 kannarar mínir.



Hvernig er að vera
 barn á Íslandi?

Að vera unglingur er mjög fínt því ég er
 Vel heppnadar bæði líkamlega og andlega og
 er fallegri en fallett og lífi heilsu-
 samlegu lífi og elska fótbolta er
 harður Spursari og dái leikmenn
 á borð við Luka Modric, Aaron
 Lennon og svo kvikindia Cristiano Ronaldo





Mér finnst gott að vera barn á Íslandi. Ég vil ekki búa í
neinu öðru landi, nema kannski í 1 ár.

Hvernig er að vera barn á Íslandi?

Vel, þá getur maður borðar og leikið sér. Ég þekki nöfnin
á börnunum en í útlöndum þekki ég ekki nöfnin og heldur
ekki orðin.

Mér finnst að Íslendingar ættu að hætta að flytja inn
merkjavörur og fara að nota íslenska ull og fólk sem kann
að þrjóna fari að þrjóna fót á Íslendinga, þar skapast mörg
störf. Við eigum að hætta með íslensk ferðafélög og fá
erlendar skrifstofur. Hættum að nota peninga og setjum
á fót skiptimarkað. Mér finnst að við ættum að láta Rússa
eða Þjóðverja hertaka okkur, þá þurfum við ekkert að
hugsa um peninga eða annan óhugnað. Mér finnst að
kommúnísk hugsjón ætti að dreifast yfir heiminn og koma
á almennilegu lýðræði yfir hinum kommúníska heimi.
Lifi frjáls hugsum? Það á að afnema kvótakerfið og deila
kvótanum á bæjarfélögin sem liggja að sjó eftir stærð þeirra
og íbúafjölda.

VIÐHORF

fullorðinna

til

ungmenna.



Að vera barn á Íslandi
er frábært.
Það sem ég hef er:

Ástríka fjölskylda

Tómstundastarf

Íþróttastarf

Vini

Menntun


Mat

Og fleira





Mér finnst eins og allir krakkar undir 18 ára eigi að fá frítt í strætó. Svo þeir eigi auðveldara með að komast á milli staða eins og af og á æfingar. Og að strætóleiðir eigi að vera fleiri



UMBODSMADUR Barna

Mér finnst að það ætti að vera frítt í stræti fyrir 18 ára og yngri. Við sem búum langt frá skóla og erum í miklum tómstundum þurfum alltaf að fá foreldra okkar til að skutla okkur hvert sem við förum.

Mér finnst að það ættu að vera fleiri atvinnutækifæri fyrir unglinga, bæði með skóla og á sumrin.

Ad minni mati mætti vera

fleiri atvinnutækifæri fyrir unglinga.

Það eru ekki allir unglingar vandræðaunglingar sem eyðileggja allt sem þeir snerta. Við erum flest mjög þroskuð. Það ætti að vera fleiri möguleikar fyrir okkur, bæði um sumar og vetur í staðinn fyrir bara bæjarvinnuna eða vera á hassa í búð eða sjoppu.



**Bílpróf ætti að miðast við fæðingarár en ekki dag.
Það byrja allir á sama tíma í skóla.**


Frítt í strætó! Flottari bíla! Ódýrara bensín!

**Við viljum fá frítt í strætó á öllum aldri. Því krakkar í
grunnskóla nota mikið strætó til að komast á milli staða.
Því ekki eiga þau rétt á bílprófi strax.**

**Mér finnst að það eigi að vera frítt að stunda íþróttir svo
allir hafi jafnmikla möguleika á því.**

Ódýrara í bíó byrja ungt fólk.

Við erum sáttir með við íslenska samfélag.
 Við ætlum ekki að blanda okkur í íslenska pólitík
 þri fella er bara flóðinn sandkassabíllur þar sem enginn
 getur sést um hver á að fá stöðuna í útivistunum.



Bílinn: 10 milljónir
 Nei, kommon!



Ég

Mér finnst fínt að vera
 barn á Íslandi
 Ég á allavegaáræðan
 Afting í kópurni.



Mér finnst mjög fínt að vera barn á Íslandi. T.d. það eru engin stríð og við eigum mikinn mat og falleg föt. Mér finnst mikilvægt að eiga trausta og góða fjölskylda. Traust fjölskylda, nægur matur og gott líf. Það er mjög gott fyrir börn og mig myndi langa ef það væri alls staðar.


Hvernig er að vera barn á Íslandi?

Það er bara frábært.

Það er ekkert skelfilegt hérna.

Þetta er friðsælt land.

Það er falleg náttúra hérna.





Hvernig er að vera unglingur á Íce?
 "mjög gott en við situm yppi með
 skuldir eftir útásavikingana
Guðni Thórsson

Helvíti's
 fókk



Að vera barn á Íslandi er allveg yndislegt.
Það sem er gott við að vera barn íslandi er:

- Það er engin fátækt
- Það er ekki stríð
- Maður fær mat

Svo þetta er gott 😊



Það er gott að vera á Íslandi það er mikið af
vatni gott af Læranýja hluci.

Máður gettu verið Hamingja Samur í fættar löndum
eins og Afríku en þar er ekki mikið af vatni það
og þau geta ekki autaf farið í skóla

'Eg held að það sé gott að vera barn á Íslandi.
Vegna þess að það er ekki stríð og ekki hryðjuverkja-
menn það er nóg af hreinu vatni og gott umhverfi. Ísland
er lítið og krúttlegt og það er ekki mikið fátækt eins
og í Sumrum löndum!



Að vera tólf ára á Íslandi er
 frábært. Maður ræður mestu
 sem maður gerir en sumu
 ræður maður ekki. Foreldrar
 mínir eru skemtilegir, fyndnir,
 skipulagðir og hreinlætissamir.
 Ísland er frjállegt land og því er
 aldrei stríð. Við Íslendingar erum
 vöðva fróðleikssamir. Eg er rosa
 ánægður að vera Íslendingur og
 sem betur fer get ég ekki breytt
 því. Veðrið hérna á Íslandi
 getur verið hræðilegt og gott.
 Figning, snjórisól, roki og stormar.
 Ísland rokkar!

Eg elska Ísland, mér finnst æðislegt
 að búa hérna á Íslandi.
 Það er ekkert stríð. Eg á æðislega
 foreldra, æðisleg systkyni,
 æðislegan hund og æðislega fjölskyldu.
 Mér finnst lífið æðislegt hér á Íslandi.
 Eg á frábært hús, ég hef nóg af
 mat og ég á nóg af fótum, ég geng
 í skóla og ég er í sönglist, ég
 æfi íþróttir og mér finnst lífið alveg
 æðislega frábært hérna á Íslandi.



Hvernig er að vera barn
á Íslandi?



Mér finnst gott að vera barn á
Íslandi. Ég vil ekki búa í neinu
öðru landi, nema kannski í 1. áf.

Hvað er gott foreldri.

- * að vera þolinmæður góður.
- * tillitssamur, gott foreldri er
eittvað sem ber mikla
virðingu fyrir manni.



Hvernig er að vera barn á Íslandi?

Medan við önnur börn í öðrum löndum
erum við á Íslandi óskaplega heppin.
Hér á Íslandi er sérstaklega fylgst með því
hvert að vel sé farið með börnin.
Það var sjónvarpsbáttur eitt sinn í sjónvarpinu
um misnotkun barna og það var svo
skelfilegt hvernig farið var með börn og
unglinga. Nú lit ég allt öðrum augum á
málið. Það er aðeinslegt að vera barn á
Íslandi.



Það er gott að búa á Íslandi
af því að það er aldrei stríð hér
og Ísland er fjálfrikt land. Maður
deyr ekki eins fljótt og í Afríku.
Maður þarf ekki að vera hræddur
að búa á Íslandi nema að
það að kemur barna nauðgeri eða
barnaræningi. Ég er mjög gladdur
að búa á Íslandi af því við
erum friðfyllt land og erum
allir mjög miklir vinit. Það
er ekkert land sem er á móti
Íslandi nema Bretland.

Takk fyrir

Kreppa!

Kreppa! Kreppa!

Kreppa!

Kreppa!

Kreppa!

Gledilega
kreppu
og farsælt komandi
Gjaldþrot!

Kreppa!

Kreppa!

Kreppa!

Kreppa!

Kreppa!

Kreppa!

Kreppa!

Kreppa!

Kreppa!

Hvernig er að vera barn
á Íslandi?

-Það er mjög fínt að vera barn
á Íslandi, stundum finnst
mér það vera óréttkitt og erfitt
en það er oftast bara mjög
fínt.

-Ég er mjög heppin að búa
á Íslandi. Það er hreint vatn,
ekki stríð, fin fótt og ekki mikil
fátækt.

-Ókostur: Kreppa!!



Lokaorð umboðsmanns barna

Börn skynja heiminn og tjá sig á annan hátt en fullorðnir. Eftir að hafa skoðað verk og skilaboð barnanna kemur ýmislegt upp í hugann hjá umboðsmanni barna:

- Börnum virðist almennt séð líða vel á Íslandi.
- Börnin vilja samveru með fjölskyldunni.
- Börnin sýna fjölskylduna yfirleitt sem foreldra, barnið og systkini í verkum sínum. Mjög sjaldan eru fleiri á myndinni, nema gæludýr.
- Börnin telja vináttu mikilvæga.
- Börnin hafa áhyggjur af einelti og benda á mikilvægi þess að tekið sé á því.
- Börnin hafa mörg hver ákveðnar hugmyndir um hlutverk kynjanna.
- Börnin sem búa í dreifbýli sýna meiri náttúru í myndum sínum en börn í þéttbýli.
- Börnin verða fyrir áhrifum frá fréttaslutningi og umræðu í þjóðfélaginu um efnahagsástandið.
- Börnin eru komin með nóg af tali um kreppu.
- Börnin hafa jákvæða sýn á Ísland og telja búsetu á Íslandi ákjósanlegan kost.

Verk barnanna gefa ákveðna innsýn í heim barna sem eru að upplifa mikla umbrotatíma í sögu landsins. Fyrir sum börn, sérstaklega þau yngri, skiptir ástandið engu máli í daglegu lífi en þau sem eldri eru tjá sig í mörgum tilfellum um efnahagsástandið á einn eða annan hátt.

Börn eru sjálf sérfræðingarnir í eigin lífi. Ef við viljum gera landið okkar betra er mikilvægt að nýta einstaka sýn barnanna og þá þekkingu sem þau búa yfir. Á það við hvort sem við erum að fjalla um málefni fjölskyldunnar, skólans eða önnur svið samfélagsins. Þátttaka barna og unglunga í lýðræðinu er þeim einnig mikilvæg svo að þau nái að þroskast sem best og verði ábyrgir borgarar.

Börn eru merkilegar manneskjur. Þó að þau séu lengi vel algjörlega upp á hina fullorðnu komin eru þau gædd fjölmörgum kostum og eiginleikum sem þeir sem eldri eru hafa oft glatað. Þau búa yfir einstakri bjartsýni og gleði og hafa sérstaka sýn á lífið sem hinir fullorðnu geta lært svo mikið af. Tölum við börnin eða fáum þau til að tjá sig á annan hátt, tökum mark á þeim og lærum af þeim.



Passa að láta börn ekki synda í sjó hjá fiskum sem maður þekkir ekki.

Foreldrar eiga
að bera
virðingu fyrir
börnum!

Ráða hvað við
börnin gerum við
peningana
okkar

Foreldrar eiga ekki
að blóta fyrir fram
börnin sín



Styttri vinnutími
fyrir foreldra til að
börn geti séð foreldra sína
meira!

Langra fri á

1. Sumrin

2. Jölin

3. Páskun

fyrir foreldra til að geta
eytt tíma með börnunum



Aldrei senda
börn í stríð



Flairi þækur
á skólabókun-
safrið



Ekki láta
þappuna snerta
börnin

börn eiga að
eiga sitt eigið
einkalíf

það er gott að
til séu reglur
fyrir börn



STOPPA!
Öll þessi
einelti!

Meiri lærdómur



era strangari
í krakka og
á um skirkeini
jar krakkar eru
biðja um sigarettur
á fengi!

Halda börnum
frá dopi



Lengri dans tíma
í skólunum sem
er með dans í



Ekki láta börn
á að þrælum
abellu



